

## L Ö G

## um norrænan þróunarsjóð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Stofna skal norrænan þróunarsjóð samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs sem undirritaður var í Stokkhólmi 3. nóvember 1988.

## 2. gr.

Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvela starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans.

## 3. gr.

Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekjuskatti og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

## 4. gr.

Lánssamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um norrænan þróunarsjóð.

*Gjört í Reykjavík, 7. mars 1989.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jón Baldvin Hannibalsson.*